

- 15 3. Afganginum — einum áttunda hluta — af úthlutunarfénu skal
18. marz varið til menningarbóta innan hreppsins, svo sem til þess að styrkja skólahald fyrir nemendur eldri en 14 ára, fræðibókasöfn, fyrirlestrahald, námsskeið eða annað þvílíkt, er tvímælalaust má telja andlegan menningarauka fyrir hreppsþúa.

8. gr.

Leita ber konunglegrar staðfestingar á skipulagsskrá þessari.

- 16 STAÐFESTING KONUNGS á skipulagsskrá um Nemendasjóð
19. marz séra Magnúsar Helgasonar, útgefin á venjulegan hátt, að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 19. marz 1929. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

um

Nemendasjóð séra Magnúsar Helgasonar.

1. gr.

Sjóður þessi er þannig til orðinn, að stjórn kennarasambandsins afhenti séra Magnúsi Helgasyni 500 krónur, er voru afgangs af samskotum til minningargjafar, er nemendur hans gáfu honum sjötugum, og fylgdi þessi formáli: „Þessar 500 kr. eru afhentar sem vísir að sjóði, sem kenndur sé til nafns séra Magnúsar og nemanda hans og sé á sínum tíma varið nemöndum í kennaraskólanum á einhvern hátt til gagns, eftir nánari ráðstöfun séra Magnúsar sjálfs.

Svo er og til ætlazt af geföndum, að sjóðurinn taki framvegis við því fé, er í hann kann að verða gefið séra Magnúsi til sæmdar og virðingar, og sé þetta tekið fram í reglum um sjóðinn“.

Við þessa gjöf nemanda hefir séra Magnús bætt 500 krónum, svo að sjóðurinn er nú eitt þúsund krónur og vextir að auki af 500 kr. frá 13. júní f.á. Samkvæmt fyrirmælum gefanda skal hann heita Nemendasjóður séra Magnúsar Helgasonar.

2. gr.

Sjóðurinn skal vera lánssjóður til styrktar nemöndum Kennarskólans á námsárunum. Skólastjóri, ásamt 2 kennurum þeim, er lengst hafa kennt við skólann, hefir stjórn og umsjá sjóðsins á hendi, veitir

lán og innheimtir, sér um, að það fé hans, sem eigi er í lánum hjá nemöndum, standi á vöxtum í Landsbankanum, og birti árlega reikninga sjóðsins í skýrslum skólans. **16** 19. marz

3. gr.

Veita má lán úr sjóðnum þegar hinn næsta vetur, þó eigi meira fyrsta árið en hálfan sjóðinn. Aldrei má veita lán úr sjóðnum nema gegn tryggingu, er stjórnendur sjóðsins telja áreiðanlega.

4. gr.

Enginn nemandi skal fá lán úr sjóðnum á fyrsta ári sínu í skólanum og nemendur efsta bekkjar ganga fyrir að öðru jöfnu.

5. gr.

Vextir af lánunum úr sjóðnum skulu vera sömu, sem þá eru innlánsvextir í Landsbankanum. Afborgun þarf eigi að greiða meðan lántakandi stundar nám í skólanum, en eftir að hann er farinn þaðan, skal endurgreiða lánið að fullu með 100 kr. á ári að minnsta kosti auk vaxta.

Nú stendur lántakandi eigi í skilum á réttum gjalddaga, og skal hann þá greiða þaðan í frá fulla útlánsvöxtu Landsbankans, til þess er skuldinni er lokið.

6. gr.

Nú vex sjóðnum svo fiskur um hrygg, að stjórn sjóðsins telur hlýða, að rýmka lánskosti frá því, sem hér er fyrir mælt, og er þá heimilt að gjöra það með ráði og samþykki yfirstjórnar fræðslumála landsins.

7. gr.

Leita skal konunglegrar staðfestingar á skipulagsskrá þessari og á breytingum á henni, ef til kemur.

Reykjavík, 19. marz 1929.

Magnús Helgason.